



GARÐABÆR

## Prýðahverfi

Lóðir til sölu



### SÖLUADILAR

Fasteignasalan Torg, Garðatorgi 5, Garðabæ

Garðatorg eignamiðlun, Suðurhrauni 10, Garðabæ

Fasteignamarkaðurinn, Óðinsgötu 4, Reykjavík

Fasteignasalan Miklaborg, Lágmúla 4, Reykjavík

# SKILMÁLAR UM SÖLU Á BYGGINGARRÉTTI LÓÐA VIÐ STEINPRÝÐI KJARRPRÝÐI OG GARÐPRÝÐI

Garðabær óskar eftir tilboðum í byggingarrétt eftirfarandi lóða.

Steinprýði 2, 11  
Kjarrprýði 1, 2 og 3  
Garðprýði 2, 4 og 6

Eingöngu einstaklingar geta gert tilboð í lóðirnar.

Tilboðsblað er aðgengilegt hjá söluaðilum.

## Auglýsing

Lóðirnar verða auglýstar á vef Garðabæjar og hjá söluaðilum.

Óskað er eftir tilboðum.

Tilboð í byggingarrétt hvernar lóðar þarf að berast í lokuðu umslagi til tilgreinds söluaðila fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 30. maí 2024 og gilda til kl. 16:00 fimmtudaginn 6. júní 2024. Tilboð verða opnuð og tekin fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar kl. 08:00 þriðjudaginn 4. júní 2024.

## Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir lóðir í Garðahrauni var upphaflega samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 15. maí 2003. 21. nóvember 2019. sbr auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1235/2019. Tillögur að breytingum hafa síðan verið samþykktar, sjá nánar á kortavef Garðabæjar og skipulagsvef Skipulagsstofnunar.

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefur/display.aspx?numer=5650>

<https://www.gardabaer.is>

## Gatnagerðargjöld og byggingarréttargjald

Gatnagerðargjöld af lóðunum eru miðuð við 240 fm eða kr. 10.570.113 samkvæmt BVT í mars 2024.

Bjóðendur gera tilboð í byggingarrétt lóðanna. Lágmarkstilboð er kr. 25.000.000 í hverja einstaka lóð.

Viðbótargatnagerðargjöld verða lögð á við útgáfu á byggingarleyfi vegna viðbótarfermetra umfram 240 fm.

## Samþykki tilboðs og greiðsluskilmálar

Þegar tilboð í lóð hefur verið samþykkt skal tilboðsgjafa veittur frestur í 14 daga til að leggja fram staðfestingu banka eða lánastofnunar varðandi fjárhagsstöðu sína, fjármögnun lóðar og

skal koma fram að tilboðsgjafi geti staðið undir kostnaði sem áætlaður er vegna byggingarframkvæmda, greiðslu gatnagerðargjalda og kaupa á byggingarrétti lóðarinnar.

Skilyrði fyrir samþykki tilboðs er að tilboðsgjafi sé fjárráða og ekki í vanskilum við sveitarfélagið.

Tilboðsfjárhæð fyrir byggingarrétt skal innt af hendi innan 30 daga frá samþykki bæjarráðs.

Gatnagerðargjald skal greitt við útgáfu á byggingarleyfi.

## Kvaðir vegna framkvæmda

Lóðarhafi skuldbindur sig til að sækja um byggingarleyfi innan 8 mánaða frá samþykki tilboðs.

Lóðarhafi skuldbindur sig til að hefja framkvæmdir innan 6 mánaða frá samþykki byggingarleyfis.

Lóðarhafi skuldbindur sig til ljúka grófjöfnun lóðar og frágangi við ytra byrði húss innan 18 mánaða frá samþykki byggingarleyfis.

## Úthlutunarsamningur

Úthlutunarsamningur verður gerður til staðfestingar á samþykki tilboðs í byggingarrétt. Í úthlutunarsamningi verða ákvæði um heimild Garðabæjar til að rifta samningi um úthlutun komi til vanefnda lóðarhafa á greiðslum og skyldum til framkvæmda.

## Lóðarleigusamningur

Lóðarleigusamningur verður gerður þegar botnplata viðkomandi lóðar hefur verið úttekin af byggingarfulltrúa. Í lóðarleigusamningi verða ákvæði um ofangreindar kvaðir eftir því sem við á ásamt ákvæði er mælir fyrir um að Garðabær geti látið framkvæma verk á kostnað lóðarhafa sinni hann ekki skyldum sínum samkvæmt lóðarleigusamningi. Jafnframt skal vera ákvæði um dagsektir sem geta numið kr. 10.000 fyrir hvern þann dag sem líður frá því að lóðahafi bar að ljúka við grófjöfnum lóðar og frágangi á ytra byrði hússins.

## Fylgiskjöl:

[Skipulagsuppdráttur](#)

Lóðarblöð